

Opnun heimasíðu Gullin í grenndinni

Á Degi íslenskrar náttúru, mánudaginn 16 september, var ný heimasíða verkefnisins Gullin í grenndinni opnuð. Guðbjartur Ólason skólastjóri Vallaskóla setti hátíðina og Kristján Kári Ólafsson nemandi úr leikskólanum Álfheimum og Davíð Mar Davíðsson nemandi úr Vallaskóla opnuðu heimasíðuna formlega með því að klippa á borða.

Ár er síðan verkefnið hófst og hefur margt áunnist á þessu fyrsta ári. Nemendur hafa tengst vinaböndum milli skólastiga og fengið að þekkja, skilja og virða náttúruna og sitt nánasta umhverfi með því að upplifa og rannsaka. Markmið verkefnisins er að stuðla að samfellu og samskiptum milli skólastiga og leiðin að markmiðunum er að nemendur hittast þvert á skólastigin og rannsaka og safna upplýsingum um nærsamfélagið og færa inn á heimasíðuna þannig að upplýsingarnar nýtist sem flestum.

Framundan á komandi skólaári eru spennandi verkefni sem nemendur og kennarar leysa með stuðningi samstarfsaðila.



Nemendur ganga í Vallaskóla



Guðbjartur setur hátíðina



Kristján Kári og Davíð Mar klippa á borðann

